

málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, málflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 krónur til hvors.

Nr. 19/1903:

W. Ó. Breiðfjörð

gegn

Oddi málaflutningsmanni Gíslasyni í umboði fyrir Örsteds Parkens Kuranstalt í Kaupmannahöfn.

D ó m u r:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 15. janúar þ. á., var áfrýjandinn, kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð í Reykjavík, dæmdur til þess að greiða hinum stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni sem umboðsmanni fyrir Örsteds Parkens Kuranstalt í Kaupmannahöfn viðskiftaskuld að upphæð 375 kr. 80 aur. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og 20 kr. í málskostnað; svo var áfrýjandi og dæmdur til að greiða 8 kr. sekt í landssjóð samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819. — Dómi þessum hefir kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 7. apríl þ. á., og krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu. — Á hinn bóginn hefir stefndi málaflutningsmaður Oddur Gíslason fyrir hönd Örsteds-Parkens Kuranstalt í Kaupmanna-

höfn krafist þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi hefir um langt árabíll, eða að minsta kosti árin 1890—1900, átt viðskifti við Örsteds-Parkens Kuranstalt, og lauk þeim viðskiftum svo árið 1900, að þá um árslok skuldaði áfrýjandi nefndri stofnun eftir bennar reikningi 37 kr. 50 aur. fyrir meðteknar vörur, og 338 kr. 30 aur. fyrir meðteknar umbúðir, sem eigi hafði verið aftur skilað, eftir því, sem stefndi heldur fram. Báðar þessar upphæðir, samtals 375 kr. 80 aur., hefir bæjarþingsdómurinn dæmt á áfrýjanda. Hann hefir nú og viðurkennt fyrri upphæðina, 37 kr. 50 aur., sem réttkrafða skuld, og getur hann fyrir því eigi komist hjá því, að verða dæmdur til að greiða hana. — Hina síðari upphæðina 338 kr. 30 aur. hefir áfrýjandi neitað að greiða, og barið því við, að hann hafi engar aðrar umbúðir fengið frá stefnda en þær, sem hann hafi endursent jafnóðum; jafnframt heldur hann því fram, að hann hafi aldrei fyr en mál þetta hófst fengið reikning frá stefnda yfir öll viðskifti þeirra, og aldrei hafi hann frá honum fengið umkvartanir yfir því, að hann hafi eigi fengið »retúrgóz« (umbúðir) með skilum. Áfrýjandi hefir samt eigi gert neina tilraun til þess, að sanna þessar staðhæfingar sínar. —

Stefndi hefir lagt fram reikning yfir óslitin

viðskifti sín við áfrýjandi frá því 1. marz 1890 til 30. júní 1900. Á þessu tímabili hefir áfrýjandi greitt stefnda samkvæmt þessum reikningi fullar 1900 kr. í peningum, og endursent umbúðir fyrir nálægt því 1600 kr., og er honum talið þetta til inngjalda í reikningnum. — Áfrýjandi hefir nú eigi vefengt reikninginn að þessu leyti, en neitar þó að greiða þær 338 kr. 30 aur., sem hann í þessu máli samkvæmt þessum sama reikningi er krafinn um fyrir óendursendar umbúðir. Hann hefir enga tilraun gert til þess að sýna það með tilvitnun til hins framlagða reiknings, hverjar þær umbúðir séu, sem hann ranglega er krafinn borgunar fyrir, og hefir þannig eigi sýnt fram á það, að hverju leyti reikningurinn að hans áliti er rangur. Mót-mæli hans gegn reikningnum verða því eigi álitin nægilega ákveðin eða nægilega skilgreind eða nægilega rökstudd, og verður því að fallast á það, að þeim er hrundið með bæjarþingsdóminum.

Samkvæmt þessu verður að staðfesta nefndan dóm eftir kröfu stefnda, bæði ákvæði hans um skuldina og um málskostnað, svo og sektarákvæðið, þó svo, að sektin sé 4 kr., sbr. tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi og að greiða stefnda hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo að ídæmd sekt til landssjóðs sé 4 kr.

— Afrýjandi W. Ó. Breiðfjörð greiði stefnda Oddi Gíslasyni fyrir hönd Örsteds Parkens Kuranstalt ennfremur 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. —

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 14/1902:

Ben. S. Þórarinsson

gegn

Oddi Gíslasyni fyrir hönd H.

B. Fogtmanns Efterfølger.

D ó m u r:

Eftir að kaupmaður Ben. S. Þórarinsson í Reykjavík og H. B. Fogtmanns Efterfølger í Kaupmannahöfn höfðu haft verzlunarviðskifti í nokkur ár, höfðaði Oddur Gíslason málflytningismaður í umboði H. B. Fogtmanns Efterfølgers mál gegn Ben. S. Þórarinssyni til lúkningar á 115 kr. 78 aur., sem hinn fyrnefndi taldi til skuldar hjá hinum síðarnefnda, en af sinni hálfu höfðaði Ben. S. Þórarinsson gagnsök gegn H. B. Fogtmanns Efterfølger til greiðslu á 70 kr. 35 aur., sem hann á sína hlið þóttist eiga inni hjá H. B. Fogtmanns Efterfølger. Málum þessum var ráðið til lykta með dómi bæjarþingsréttar í Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 6. marzm. f. ár, á þá leið, að Ben. S. Þórarinsson skyldi greiða Oddi Gíslasyni